

Umhverfisstofnun
Áb. ABB SL

22. ágú. 2018
08.09.01

Tilv. UST 201807-088



Carbon Recycling International
Holtasmára 1
201 Kópavogi

UMHVERFIS- OG
AUDLINDARÁDUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 20. ágúst 2018
Tilv.: UMH18070027/20-1

Ráðuneytið vísar til erinda Carbon Recycling International (CRI ehf.) frá 5. og 23. júlí 2018 þar sem óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi vegna metanólverksmiðju félagsins að Svartsengi, þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út og áframhaldandi undanþágu frá ákvæðum í grein 2.3 og grein 2.8 starfsleyfisins. Fram kemur í erindinu að starfsleyfi félagsins hafi verið gefið út 29. janúar 2010 og það renni út 1. september 2018. Ástæða umsóknarinnar sé sú að Umhverfisstofnun hafi þurft meiri tíma en gert hafi verið ráð fyrir til að vinna nýtt starfsleyfi. Hafi stofnunin m.a. óskað eftir viðbótargögnum um ætluð afdrif vatnsfráreynslis verksmiðjunnar. CRI ehf. hafi fengið ÍSOR til að gera líkan um dreifingu og niðurbrot metanóls í frárennslinu og hafi sú skýrla ekki verið tilbúin fyrr en 19. júní sl. Umhverfisstofnun hafi tjáð CRI ehf. að vegna sumarleyfa verði starfsleyfistillagan ekki auglýst fyrr en í ágúst 2018 og því sé útséð að unnt verði að gefa út nýtt leyfi fyrir 1. september 2018.

Samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurnesja 9. júlí 2018.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 15. ágúst 2018 kemur fram að umsókn um starfsleyfi sé og hafi verið í vinnslu hjá stofnuninni. Vinnsla starfsleyfis hafi einkum dregist vegna óska rekstraraðila um að starfsleyfið leyfi niðurdælingu vatns og metanóls. Umhverfisstofnun hafi verið að skoða útfærslur á slíkri niðurdælingu í samræmi við lög um stjórn vatnamála. Starfsleyfi rekstraraðila sé útrunnið og undanþága frá starfsleyfi gildi til 1. september 2018. Tillaga að nýju starfsleyfi fyrir rekstraraðila verði að öllum líkendum auglýst opinberlega nú í haust. Þá muni verða veittur frestur til athugasemda og þátttöku almennings, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við að rekstraraðila verði veitt áfram undanþága frá starfsleyfi, hvað varði starfsleyfið almennt og einnig vegna ákvæða greinar 2.3 um vothreinsun útblásturs í stað brennara og greinar 2.8 um meðhöndlun alkóhóls í frárennsli.

Í gildi er tímabundin undanþága frá starfsleyfi vegna metanólverksmiðju CRI ehf. að Svartsengi, sem veitt var með bréfi, dags. 23. febrúar 2018, og gildir til 1. september 2018. Í grein 2.8 í starfsleyfinu, sem fjallar um meðhöndlun metanóls í affallsvatni framleiðslunnar, er að finna kröfu um að settur verði upp búnaður til hreinsunar þess. Í starfsleyfinu eru ekki tiltekin mörk um leyfða losun að hreinsun lokinni og slík mörk eru heldur ekki til staðar í reglugerðum. Af þessari ástæðu og vegna ýmissa tæknilegra óvissuþáttá hefur ekki verið unnt að uppfylla 2. málsl. greinar 2.8 um að rekstraraðili skuli leggja fram tillögu að hreinsibúnaði og koma upp búnaði eigi síðar en ári eftir að framleiðsla hefst í stöðinni. Hinn 16. júní 2011 og 6. janúar 2016 var veitt undanþága frá grein 2.3. í starfsleyfinu sem fjallar um meðhöndlun útblásturstsgass með brennara. Fyrirtækið sótti á sínum tíma um að nota vothreinsun í stað brennara við hreinsun VOC-efna úr útblásturstsgasi frá metanólverksmiðju CRI ehf. í Svartengi. Undanþágan var m.a. veitt þar sem fyrir lá að CRI ehf. ætlaði að sækja um nýtt starfsleyfi fyrir verksmiðjuna og gert væri ráð fyrir því að vothreinsun kæmi í stað brennara við hreinsun

útblásturstgass í nýju starfsleyfi þar sem sú aðferð hafi gefist vel. Í erindinu og umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að tafir hafi orðið á útgáfu nýs starfsleyfis þar sem verið er að leita lausna vegna fráveitu verksmiðjunnar á vatni og metanóli. Í því sambandi hafi CRI ehf. þurft að afla viðbótargagna sem ekki voru tilbúin fyrr en í júní sl. Búist er við að tillaga að nýju starfsleyfi verði auglýst í haust. Í ljósi framangreinds, vinnsla starfsleyfis hafi tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir og þess að Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við að rekstraraðila verði veitt umbeðnar undanþágur fellst ráðuneytið á að veita CRI ehf. umbeðna undanþágu frá starfsleyfi og undanþágu frá ákvæðum greina 2.3 og 2.8 starfsleyfisins vegna metanólverksmiðju félagsins að Svartsengi, sbr. 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Undanþágan er bundin því skilyrði að rekstraraðili fari að skilyrðum fyrra starfsleyfis fyrir Carbon Recycling International ehf. í Svartsengi, Grindavíkurbæ sem gefið var út af Umhverfisstofnun 29. janúar 2010 að undanskildum ákvæðum um vothreinsun útblásturs í stað brennara í grein 2.3 og um meðhöndlun alkóhóls í frárennslí í grein 2.8. Framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. mars 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg
Sæmundsdóttir



Iris Bjargmundsdóttir

Afrit:

Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja